


Á SPREKAMÓ

Afmælisrit tileinkað
Helga Hallgrímssyni náttúrufræðingi
sjötugum, 11. júní 2005

Ritstjóri
Sigurður Ægisson



BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR
2005



Bergljót Hallgrímsdóttir

Uppruni og ætt Helga Hallgrímssonar

Þá veldur miklu sem upphafinu veldur, segir máltækið sem mér kom í hug, þegar ég fór að líta til baka til ættar Helga Hallgrímssonar. Ekki þar fyrir að ætterni eigi sér nokkuð upphaf, nema ef vera skyldi það dramatíska augnablik þegar lífið kviknaði á jörðinni. Ég á hér við þá einstaklinga, forfedur og formæður sem hafa sett mark sitt á afkomendur sína með einum eða öðrum hætti. Slíkt mark gæti verið margvíslegir eiginleikar og áhugamál, sem stundum virðast liggja í ættum og er þá oft talað um ættareinkenni.

Helgi Hallgrímsson er fæddur 11. júní árið 1935 í Holti í Fellahreppi. Foreldrar hans voru hjónin Laufey Ólafsdóttir (f. 1912) frá Holti og Hallgrímur Helgason (f. 1909) frá Ási. Hallgrímur og Laufey bjuggu fyrst nokkur ár á Arnheiðarstöðum í Fljótsdal en stofnuðu síðan nýbýlið Droplaugarstaði á þeirri jörð og fluttu þangað 1942, þegar Helgi var 7 ára. Ólst Helgi þar upp við almenn sveitastörf og gekk í farskóla eins og þá liðkaðist. Hugur hans stóð til frekara náms og aðeins 13 ára að aldri fór hann í Alþýðuskólann á Eiðum og í framhaldi af því í Menntaskólann á Akureyri og útskrifaðist þaðan vorið 1955. Það sama ár lá leið Helga í háskólanám til Þýskalands, sem hann stundaði með nokkrum hléum á árunum 1955 til 1963. Hann lagði stund á líffræði með grasafræði sem sérgrein og nam við háskóla í Göttingen og síðast í Hamborg. Árið 1959 settist Helgi að á Akureyri og var þá kvæntur maður. Kona hans er Ninna Kristbjörg Gestsdóttir frá Múla í Aðaldal. Þau eiga fjögur börn. Helgi starfaði um árabíl við kennslu við Menntaskólann á Akureyri og var jafnframt frá 1964 forstöðumaður Náttúrugripasafnsins á Akureyri. Hann rak rannsóknarstöð í Ytri-Vík á Árskógsströnd á árunum 1971-1976 og var þá búsettur á næsta bæ, Víkurbakka.



Laufey Ólafsdóttir með frumburðinn, Helga, nokkurra mánaða gamlan.



*Arnheiðarstaðir í Fljótsdal, bernskuheimili Helga (1936-1942). Búð var í baðstofunni l.v. Myndin er frá 1959.
Ljósmyndari: H.Hg.*


Helgi er frumkvöðull í náttúruverndarmálum á Íslandi og aðalhvatamaður að og fyrsti formaður Samtaka um náttúruvernd á Norðurlandi (SUNN, stofnuð 1969), fyrsta félagi fyrir almenning á Ísland sem helgaði sig náttúruverndarmálum.

Helgi hefur skrifað bækurnar: Veröldin í vatninu (1979, endurútgefin 1990), Sveppakverið (1979), Sveppabókin (óútgefið handrit) og er núna með bók um Lagarfljót í vinnslu. Hann hefur ritað fjölda fræðigreina um hin ýmsu efni í tímarit og blöð. Yfirlit yfir þetta allt er að finna aftast í þessari bók.

Sagt hefur verið um Helga að ef hann vantaði tímarit til þess að skrifa í, stofnaði hann það bara sjálfur. Þar má nefna tímaritið Týli á Akureyri, sem kom út á árunum 1971-1985, og Gletting á Egilsstöðum, sem hóf göngu sína árið 1991.

Frá árinu 1987 er Helgi sjálfstætt starfandi fræðimaður, búsettur á Egilsstöðum.

Helgi er kominn af bændafólki á Fljótsdalshéraði en sumt af því átti ættir að rekja í aðra landshluta. Föðuramma hans, Agnes Pálsdóttir (f. 1880), var fædd á Fossi á Síðu en fjölskyldan, fátæk og barnmörg, flutti austur til Hornafjarðar og þaðan upp á Hérað, er Agnes var á unga aldri. Foreldrarnir, Páll Þorsteinsson og Margrét Ólafsdóttir, voru ættuð úr Vestur-Skaftafellssýslu. Hlutskipti þeirra var húsmennska og vinnumennska á ýmsum bæjum þegar austur kom. Margrét var sögð dugnaðarforkur og myndarleg til verka, einkum mikil vefnaðarkona. Sum börnin komu ekki austur með foreldrunum. Stefánía dóttir þeirra settist að í Hornafirði. Sonur hennar var Valdimar Stefánsson frá Árnanesi, þekktur og ástríðufullur hrossaræktandi í Hornafirði á sinni tíð.¹



Dropplaugarstaðir í Fljótsdal, æskuheimili Helga, stofnað sem nýbýli úr landi Arnheiðarstaða, 1942. Hrafnsgerðisá með fossum til hægri. Kíðuklettur neðst. Ný og gömul skógrækt í brekkunum.

Ljósmyndari: Skarphéðlan G. Þórisson.

Forfaðir Helga í fæðurætt Hallgrímur Ásmundsson (f. 1759), síðast bóndi í Stóra-Sandfelli í Skriðdal, var fæddur í Eyjafirði en fluttist ungur austur í Hornafjörð, síðan í Lón og seinast upp á Fljótsdalshérað. Faðir Hallgríms, Ásmundur Helgason (f. 1722), var bróðir Jóns Helgasonar sýslumanns í Hoffelli, sem fyrstur kom í Hornafjörð þessara ættmenna. Foreldrar þeirra, Helgi og Guðrún, voru bændur á Svertingsstöðum í Eyjafirði. Ætt sú sem rakin er frá þessum bræðrum er oftast kölluð Helgasonaætt. Ritmenning hefur verið mjög ríkjandi einkenni í þeirri ætt og nokkur skáld og rithöfundar eru afkomendur þeirra. Þar má nefna Þórberg Þórðarson, afkomanda Jóns í Hoffelli, og þá bræður Pál og Jón Ólafssyni, afkomendur Ásmundar. Hallgrímur í Stóra-Sandfelli var bæði bóndi og skáld og fræðimennska og skriftarárátta hefur viðhaldist í afkomendum hans. Hallgrímur, faðir Helga, sem var 4. ættliður frá Sandfells-Hallgrími, var t.d. gefinn fyrir skriftir og ritaði allmargar greinar í blöð og tímarit og hélt dagbækur, þó að einyrkjabúskapur yrði ævistarf hans. Sjálfur telur Helgi sig frá æskuárum hafa verið haldinn „lýsn til fróðleiks og skrifta,“ eins og Jón Helgason segir um sjálfan sig í kvæðinu: Í Árnasafni.²

Móðurætt Helga er að umtalsverðum hluta embættismannaætt með rætur á Suðurlandi. Einn forfaðirinn, séra Hjörleifur Þórðarson (f. 1695), síðast prestur á Valbjófsstað í Fljótsdal, var þó af bændaættum í Álftafirði og var af Eyðalaætt. Hann var kallaður latínu-



Holt í Fellum, fæðingarstaður Helga.

Ljósmyndari Óþekktur.

skáld, því að hann sneri Passíusálmunum á latínu. Hjörleifur orti einnig sálma en mest fór þó fyrir auðsöfnun hans, því hann varð stórauðugur maður af jarðeignum, sem voru þeirra tíma auðæfi.

Margrét, dóttir Hjörleifs prests, giftist séra Þorsteini Stefánssyni (f. um 1705), seinast presti á Krossi í Landeyjum. Þeirra sonur var Jón Skjöld, sem kallaður var Jón vefari. Viðurnefni sitt fékk hann af því að hann lærði vefnað í Danmörku og vann við það er heim kom, m.a. við að kenna öðrum.³ Jón vefari settist að á Fljótssdalshéraði og varð kynsæll og frá honum er talin Vefarætt, sem flestir Héraðsbúar eru komnir af. Til dæmis voru tvær langa-langömmur Helga, Halldóra og Þorbjörg, dætur Jóns vefara. Giftingar náinna skyldmenna tíðkuðust óvenju mikið í þessari ætt og ýmsir eiginleikar fylgdu ættinni, t.d. auðsöfnun, níska, dagnaður, reglufesta og löghlýðni.

Dóttir séra Þorsteins og systir Jóns vefara var Bergljót (f. 1761). Hún giftist séra Vigfúsi Ormssyni (f. 1751) presti á Valþjófsstað í Fljótssdal, sem var Sunnlendingur og afkomandi presta og sýslumanna. Séra Vigfús var mikill búnaðarfrömuður og hóf ýmsar nýjungar í búskap. Hann byggði fyrstu kornmyllu á Héraði og hóf áveitur á tún og engi í þeim tilgangi að auka uppskeru. Fyrir störf sín fékk hann verðlaunapening frá Landbúnaðarfélaginu í Danmörku, sem hefur verið mikill heiður.

Sonur séra Vigfúsar, Guttormur (f. 1804), sem var langa-langafi Helga í móðurætt, var settur til mennta og var kallaður stúdent. Guttormur stúdent bjó á Arnheidarstöðum í Fljótssdal og kvæntist frænku sinni, Halldóru Jónsdóttur, vefara, en þau voru systkinabörn.

Guttormur gerðist bóndi en ekki embættismaður og var, eins og séra Vigfús, frumkvöðull í búskaparháttum, gerði m.a. tilraunir með kornrækt. Hann var einnig leiðandi í félagsmálum, hvatti m.a. til stofnunar búnaðarfélaga og stofnaði sjálfur eitt hið fyrsta á landinu í heimasveit sinni. Meðal margs sem Guttormur lét sig varða var að hvetja til stofnunar búnaðarskóla, en sá skóli sá ekki dagsins ljós fyrr en eftir hans dag. Það hefði líklega glatt Guttorm, að þegar búnaðarskóli var stofnaður á Eiðum árið 1883 varð sonarsonur hans og alnafni fyrsti skólastjóri hans. Guttormur var einnig alþingismaður fyrir Norðmýlinga um tíma og sat þjóðfundinn fræga 1851, sem hvert skólubarn á Íslandi lærir um enn í dag, þegar Jón Sigurðsson stóð upp og mælti hin fleygu orð: „Vér mótmælum allir“. Guttormur stúdent dó tæpra 52 ára að aldri og hvorki meira né minna en fimm prestar héldu ræðu yfir líki hans og þar af einn tvisvar. Þrjár ræður héldu þeir við útförina, tvær við húskveðju (sem þá tíðkaðist) og ein var flutt við dánarbeiðinn. Guttormur virðist því ekki hafa verið neinn meðalmaður, hvorki hvað varðaði ætt eða atgervi.⁴



Hallgrímur Helgason, faðir Helga.

Ljósmyndari Óþekktur.

Guttormur var kannski fyrst og fremst mikill ræktunarmaður, bæði á búfé og jarðargröða og áhugi fyrir ræktun og kynbótum hefur viðhaldist í afkomendum hans.

Laufey móðir Helga var áhugasöm um trjárækt og lagði mikla vinnu, ásamt sonum sínum, í að rækta upp gróskulegan trjálund í brekkunni að bæjarbaki á Droplaugarstöðum. Sjálfur telur Helgi, að áhugi sinn á náttúrufræði hafi byrjað sem löngun til að rækta blóm og tré, en það var hann byrjaður að gera sem unglíngur. Á bernskuárum hans á Arnheiðar-



*Hafnarstræti 81 á Akureyri, en þar var Náttúrugripa-
safnið til húsa á þeim tíma sem Helgi var safnvörður
eða forstöðumaður þess 1964-1987, fyrst á 4. hæð
en síðar einnig á 1. og 5. hæð.*

Ljósmyndar: H. Hg. (2003)

stöðum var kominn stór trjágarður við bæinn, sem var ekki algengt þá. Seinna, eftir að Helgi fluttist til Egilsstaða, tók hann aftur upp þráðinn við skógrækt á bernskulóðum á Drop-
laugarstöðum.

Eins og áður sagði voru sumir for-
feður Helga grónir Austfirðingar og má þar nefna formóður hans í báðar ættir, Ingunni Davíðsdóttur (f. 1772), sem jafnan var kölluð Ingunn skyggna. Ingunn var af bændaættum úr Hellsfirði, sem er fyrir löngu orðinn einn af eyðifjörðunum á Austurlandi. Ingunn var húsfreyja á Skeggjastöðum í Fellum og mjög þekkt fyrir skyggni sína og forspár. Erfðist þessi hæfileiki nokkuð til sumra afkomenda hennar. Sigfús Sigfússon þjóðsagnaritari, sem var sonarsonur Ingunnar, skráði margar sögur af henni. Dóttir Ingunnar, Guðrún Oddsdóttir, bjó á Skeggjastöðum og átti fyrir mann Ólaf Þorsteinsson frá Melum í Fljótsdal en frá föður hans, Þorsteini Jónssyni (f. um 1734), er talin Melætt, sem var og er rakin bændaætt með trausta og góða bændur og marga góða smiði. Jón sonur Guðrúnar og Ólafs og langafi Helga var smiður bæði á tré og járn og hagsýnn bóndi, sem var aflögufær um hey til annarra á hörðum vorum.

Sögur af Ingunni skyggnu og aðrar þjóðsögur Sigfúsar hafa eflaust stuðlað að áhuga Helga á ýmsu dulrænu og yfirnáttúrulegu sem hann hefur grúskað í og skrifað um, meðal annars huldufólk og sækýr.

Skriftarárátta og Íræðimennska hans virðist að einhverju marki vera arfleifð frá föðurfólkinu en talsvert er einnig um að móðurfólkið fengist við



Aðalstræti 36, Akureyri, heimili Helga og Kristbjargar 1962-1966. Um 150 ára gamalt hús, sem Kristján Geirmundsson, laxíðermist og le. safnráðgjafi Náttúrugripasafnsins, átti á undan þeim. Kristbjörg í dyrunum.

skriftir og fræðistörf, s.s. áðurnefndur Sigfús Þjóðsagnaritari. Laufey móðir Helga var líka vel rittær en skrifaði lítið, því skyldustörfin sátu fyrir. Ræktunaráhugann, sem hefur fylgt Helga alla tíð, má frekar rekja til móðurfólksins. Þó finnast einnig ræktunarmenn í föðurættinni, eins og Valdimar í Árnanesi, en hrossarækt hefur þó oftast verið talin sérvíska eða trúarbrögð fremur en eiginleg ræktun. Áhugi Helga á ræktun og gróðri virðist hafa haft sitt að segja um val hans á háskólanámi og þar með ævistarfi að hluta til. Hvað orsakast af erfðum og hvað af umhverfi er sífellt álitamál og skal ekki lagður dómur á það hér. Frumkvöðlastarf Helga og óþreytandi barátta í þágu náttúruverndar á Íslandi ásamt fjölræðimennsku hans almennt, hefur þó mikla skírskotun til forfeðra og mæðra, þar sem m.a. mátti finna grúskara, hugsjónafólk, dugnaðarforka, ritsnillinga og sérvitringa svo nokkuð sé nefnt.

Tilvitnanir

¹ Um Valdimar og ræktun hans má lesa í: Gunnar Bjarnason. 1968.

² Sjá kvæði í: Jón Helgason. 1971.

³ Um Jón vefara m.a. í: Halldór Stefánsson. 1971.

⁴ Sjá m.a. í: *Æfingimíng stúdents og alþingismanns Gulltorms Vigfússonar*. 1857.



Helgi í fingrafléttu þungt hugsi að Lagarási 2 á Egilsstöðum, 15. október 2003.

Ljósmyndari: Sigurður Ágústsson.

Heimildaskrá

Gunnar Bjarnason. 1968. *Ættbók og saga íslenska hestsins á 20. öld*, I. bindi. Akureyri, Bókaforlag Odds Björnssonar.

Halldór Stefánsson. 1971. *Ævislóð og mannaminni, Ævisaga*. Reykjavík, Útgefandi: Dánarbú hans.

Jón Helgason. 1971. *Úr landsuðri*. Reykjavík, Heimskringla.

Æfiminning stúdents og alþingismanns Guttorms Vigfússonar að Arnheidarstöðum í Fljótsdal. 1857. Akureyri, Útgefendur: Börn hans. (Ljósrit).

Auk ofangreindra heimilda var einkum stuðst við eftirfarandi heimildir:

<http://www.islendingabok.is/>

Helgi Hallgrínsson. 2005. Munnlegar heimildir og heimildir úr óútgefnu handriti.